

Patreksfjörður 3. október 2024

Erindi til bæjarráðs Vesturbyggðar varðandi aðild Héraðssambandsins Hrafna-Flóka að almenningssamgöngum í Vesturbyggð.

Stjórn Héraðssambandsins Hrafna-Flóka óskar eftir lausn frá aðild sinni að almenningssamgöngum í Vesturbyggð frá og með næstu mánaðarmótum okt/nóv. Ástæða lausnar frá samningi þessum er vegna skertra rekstrartekna Héraðssambandsins frá UMFÍ og ÍSÍ í formi lottó úthlutunar. Tekjur okkar vegna lottó voru fyrir breytingar um 8 mkr en verða eftir breytingar 2 mkr. Hlutur okkar í samningi þessum er 2.4 mkr á ári og til þess að tryggja áframhaldandi metnaðarfulla starfsemi hjá Héraðssambandinu sjáum við okkur ekki fært að vera aðilar að þessum samningi áfram þar sem við höfum ekki fjármagn til þess.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa þegar fundað með bæjarstjóra, formanni bæjarráðs og íþróttá og tómstundafulltrúa Vesturbyggðar og skýrt sína hlið varðandi þetta mál.

Með ósk um að þetta fari í þann farveg sem það þarf að fara til að öðlast samþykki.

Bestu kveðjur fyrir hönd HHF
Birna Friðbjört Hannesdóttir
Gunnþórunn Bender
Sveinn Jóhann Þórðarson